

SUMARLEIKAR HSP 2026



Sumarleikar HSP verða haldnir á Laugavelli helgina **5.-7. júní** n.k.

Keppnisgreinar eftir flokkum:

9 ára og yngri: Fjórþraut

Allir keppa í öllu, skipt í hópa eftir þörfum, strákar og stelpur saman í bland. Ekki er um beinar mælingar að ræða. Þrautirnar eru: langstökk, spretthlaup, bolta- eða skutlukast og 400m hlaup. Veitt eru þátttökuverðlaun fyrir þá sem taka þátt í þessum flokki.

10-11 ára piltar og stúlkur: „Fjórþraut“

Hver keppandi tekur þátt í a.m.k. fjórum greinum: spretthlaupi, kastgrein, stökkgrein og lengra hlaupi sem telja til stiga. Keppnisgreinar í þessum flokki eru: 60m hlaup, 400m hlaup, langstökk, hástökk, spjótast og kúluvarp. Keppendur fá stig í samræmi við úrslitaröð m.v. þá sem eru skráðir í fjölþraut. Dæmi: 10 þátttakendur eru í fjölþraut, þá fær keppandi í 1. sæti 10 stig, 2. sæti 9 stig o.s.frv. Veitt verða bæði þátttökuverðlaun fyrir þá sem taka þátt í þessum flokki, auk þess sem veitt verða verðlaun fyrir efstu þrjú sætin í fjölþraut. Að auki verður boðið upp á keppni í 4x100m boðhlaupi. Hægt er að skrá sig í stakar greinar (ekki taka þátt í fjölþraut).

12-13 ára piltar og stúlkur: 60m, 600m, 80m grind, langstökk, hástökk, spjót, kúla, 4x100m boðhlaup. Að auki getur þessi aldur skráð sig í fleiri kastgreinar þá með 14-15 ára flokki.

14-15 ára piltar og stúlkur: 100m, 800m, 80m grind, langstökk, hástökk, spjót, kúla, kringla. Að auki getur þessi aldur skráð sig í greinar og 4x100m boðhlaupi í opnum flokki karla og kvenna (áhöld m.v. aldursflokk).

16-17 ára og 18 ára og eldri piltar og stúlkur: Opinn flokkur (kk og kvk) í: 100m, 200m, 800m, 1500m, 4x100m, langstökk, hástökk, stöng, þristökk. 100/110m grind, 400m grind, spjót, kúla, kringla, sleggja, grindarhæðir og þyngdir áhalda m.v. aldursflokk.

Fyrirkomulag

Allir keppendur í flokkum 15 ára og yngri fá 4 tilraunir í köstum og stökkum en í flokkum 16 ára og eldri eru 3 köst/stökk auk 8 manna úrslita. Engin úrslitahlaup verða hlaupin í neinum flokkum, tímar gilda.

Skráning og skráningargjald

Skráning keppenda fer fram í Roster Athletics og lýkur skráningu þriðjudagskvöldið 3. júní klukkan 22:00. **Ekki verður hægt að skrá sig á staðnum.**

10 ára og eldri: <https://meets.rosterathletics.com/public/competitions/details/about?id=28449>


9 ára og yngri: <https://meets.rosterathletics.com/public/competitions/details/about?id=28475>

Skráningargjald er 3.000 kr. fyrir 9 ára og yngri. 5.000 kr. fyrir 10 ára og eldri óháð greinafjölda. Greitt er í gegnum Roster við skráningu.

Drög að tímaseðli er að finna í Roster, endanlegur tímaseðill verður klár á fimmtudagskvöldinu um kl. 20.

Tjaldsvæði er við hliðina á vellinum, greiða þarf sérstaklega fyrir það sem og rafmagn. Tjaldsvæðið er á vegum einkaaðila <https://reisa.is/laugar/>.

Nánari upplýsingar veitir Gunnhildur Hinriksdóttir ghinriks@gmail.com sem einnig veitir frekari upplýsingar, s. 694-5244.

 Hlökkum til að sjá ykkur 